

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
vegna gistiþjónustu í íbúðarbyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti 11. ágúst 2021 óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. maí 2021.

Breytingin veitir þeim aðilum, sem höfðu gild rekstrarleyfi til sölu gistingar í íbúðarbyggð í þéttbýlinu á Höfn fyrir 6. október 2020, tímabundna heimild til endurnýjunar rekstrarleyfanna.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 11. ágúst 2021.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 25. ágúst 2021